

Ed. **79. Frumvarp til laga** [79. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Helgi Seljan.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð skipa sjö menn. Sameinað Alþingi kýs á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm menn í tryggingaráð og fimm til vara. Þá skulu Öryrkjabandalag Íslands og Landssamtökin Proskahjálp tilnefna sinn fulltrúa hvor í tryggingaráð, svo og varamenn þeirra.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna.

Ráðherra ákveður þóknun tryggingaráðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er sú breyting lögð til um skipan tryggingaráðs að til viðbótar hinum fimm þingkjörnu fulltrúum, sem þar sitja nú, komi tveir fulltrúar jafnréttáir, þ.e. frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Proskahjálp.

Flutningsmaður hefur einnig hugleitt þann möguleika að fulltrúi aldraðra yrði í ráðinu einnig, en vandséð er hvaða aðili gæti tilnefnt fulltrúa þeirra í ráðið. Sé það unnt er um sjálfsagðan hlut að ræða sem ber að athuga í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar.

Tryggingastofnun ríkisins er viðamikil og á hennar vegum fer fram víðfeðm og um leið vandasöm starfsemi. Gleggst sést þetta af frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir að útgjöld stofnunarinnar nemi nálægt 10 milljörðum króna, eða u.þ.b. 25% ríkisútgjalda. Lífeyristryggingar eru þar upp á um 5,7 milljarða króna og sjúkratryggingar nema tæpum 3,9 milljörðum króna.

Hér er um málaflökk að ræða sem vissulega þarf og á að fá mikið fjármagn til skipta. Elli- og örorkulífeyrir er nú hvergi nærri því sem vera þyrfti til þess að allir fái þar unandi hlut. Sama er að segja um sjúkradagpeninga og svo mætti lengi telja.

Á borð þessarar stofnunar koma fjöldamörg verkefni til umfjöllunar og úrskurðar og oft mjög vandmeðfarin. Flutningsmaður fullyrðir að embættismenn þessarar stofnunar leggi sig mjög í líma við að leysa úr málum og veita sem sanngjarnasta úrlausn. Gagnrýni á ýmislegt, sem þar mætti enn betur fara, á eflaust vissan rétt á sér, enda undarlegt ef svo væri ekki með hliðsjón af þeim fjölmörgu vafaatriðum sem þar er kveðinn upp úrskurður um.

Æðsta ráð þessarar stofnunar er tryggingaráð sem m.a. setur reglur um fjölmargt á grundvelli laganna um almannatryggingar. Þangað er ýmsu því vísað sem málsaðilum þykir ekki hafa fengist viðunandi úrlausn á, auk þess sem tryggingaráð fer með yfirstjórn stofnunarinnar og hefur æðsta vald við helstu ákvarðanir.

Hér er ekki lögd til breyting á kjöri fimm fulltrúa í tryggingaráð á Alþingi og allra síst er hér verið að kasta nokkurri rýrð á þá ágætu fulltrúa sem þar sitja og hafa setið, eða þeim vantroyst til góðra verka. Hins vegar eru flest vandasömstu úrlausnarefnin, álitæfnin, á þann veg að þau snerta þá aðila beint og óbeint sem lagt er til að eigi fulltrúa til viðbótar í tryggingaráði. Flutningsmaður telur það því bæði eðlilegt og sanngjarnt, að þessi samtök eða fulltrúar þeirra setjist þarna inn til ákvörðunar ásamt þeim þingkjörnu fulltrúum sem fyrir eru.

Eflaust mun því haldið fram að hér komi þeir aðilar að málum sem eiga of ríkra hagsmuna að gæta fyrir umbjóðendum sína til að geta tekið hlutlausar ákvarðanir. Hitt vegur þó þyngra að mati flutningsmanns að hér munu koma að verki nákunnugir aðilar, fólk sem veit hvar skórin helst kreppir og sem einnig getur eytt óþarfa misskilningi og tortryggni milli einstaklinga og hópa annars vegar og stofnunarinnar hins vegar.

Í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra, sem úthlutar talsverðu fjármagni og kveður upp erfiða og vandasama úrskurði oft á tíðum, eiga fulltrúar þessara samtaka verðugan og réttmætan sess og ekki hefur heyrst um neina hagsmunaárekstra þar, miklu fremur telur flm. að þetta fyrirkomulag á skipun stjórnarnefndar hafi til heilla orðið og mælir þar af nokkurri reynslu.

Flutningsmaður telur einsýnt að á það verði látið reyna á Alþingi hver vilji þess er varðandi tryggingaráð, ekki síst með tilliti til farsællar reynslu af starfi stjórnarnefndar um málefni fatlaðra þar sem fulltrúar fatlaðra ráða svo mjög um mótun alla sem og ákvarðanatöku.

Lögin um málefni fatlaðra eru ung og þar þótti Alþingi nauðsyn til bera að hagsmunaaðilar kæmu ríkulega inn í myndina varðandi alla stjórn. Á þessum mikilvæga og víðfeðma vettvangi eru ekki síðri ástæður fyrir því að fulltrúar þessara þýðingarmiklu og öflugtu samtaka komi að málum til heilla jafnt fyrir stofnunina sjálfa sem og umbjóðendum samtakanna. Því er frv. þetta flutt.